

# Mótorhjól

LAUGARDAGUR 28. APRÍL 2018

Kynningar: Sniglar bifhjólasamtök lýðveldisins



Þann 1. maí næstkomandi halda Sniglar sína árlegu hópkeyrslu, þar sem farið verður frá Laugavegi og alla leið á planið hjá Bauhaus. MYND/STEFÁN

## Sniglar að skriða í gang

Sniglar, hagsmunasamtök mótorhjólamanna setja aukinn kraft í starfið. Hin árlega 1. maí keyrsla verður stærri en áður og svo á að gefa út bók, safna liði og sinna öflugri hagsmunagæslu. ➔2

## Framhald af forsiðu →

**S**niglar eru hagsmunasamtök bifhjólafólks á Íslandi sem hafa starfað síðan árið 1984 og beita sér fyrir hagsmunamálum bifhjólafólks hvað varðar umferðaröryggi og -reglur. Samtökin vilja nú láta meira að sér kveða en þau hafa gert undanfarin ár, auka sýnileika sinn, fá fleiri meðlimi, sinna hagsmunagæslu fyrir alla mótörhjólamenn á Íslandi af fullum krafti og styðja við menntun mótörhjólamanna með útgáfu nýrrar kennslu- og handbókar fyrir bæði byrjendur og lengra komna.

## Vilja safna liði

Elias Fells er gjaldkeri samtakanna og tekur þátt í skipulagi hinnar árlegu keyrslu Snigla 1. maí. „Þessi viðburður hefur farið fram áratugum saman, en þarna bjóða Sniglar öllu bifhjólafólki að mæta, hvort sem það er í Sniglum eða ekki,“ segir Elías. „Þátttakendur hafa verið á bilinu frá svona 300 upp í sirka 1.400, þannig að þetta er nokkuð stór viðburður og það er mikill undirbúningur að baki keyrslunni, sem er langstærsti viðburður ársins hjá okkur.

Hugmyndin er sú að við séum aðeins sýnilegri þegar við komum út á vorin. Viðburðurinn vekur alltaf mikla athygli, því við fyllum Laugavegin af hjólum, og þetta vekur vonandi fólk til vitundar um að við séum að koma út í umferðina svo það verði meira vakandi fyrir að sýna okkur tillitssemi,“ segir Elías.

„Partur af þessu er líka að reyna að fá fleiri félaga inn í samtökin. Það er mjög mikilvægt að reyna að ná sem flestum bifhjólamönnum inn í samtökin til að þau verði raunverulega eitthvað, en það er náttúrulega mjög mikilvægt fyrir bifhjólafólk að eiga sér talsmenn þegar kemur að umferðaröryggismálum og fleira,“ segir Elías. „Það hefur ekki gengið nógu vel síðustu ár að fá nýja félaga en nú erum við að spýta í lófana og gera meira og verða sýnilegri, svo fólk sjái að þetta séu virk samtök og sjái sér hag í að vera í Sniglum. Svo er náttúrulega líka bara skemmtilegt að sameinast og gera eitthvað saman.“

## Stærri viðburður en áður

„Í ár verður viðburðurinn stærri en hann hefur yfirleitt verið. Við keyrum niður Laugaveg, um Lækjargötu sem leið liggur fram hjá Hörpu eftir Sæbraut, upp Ártúnsbrekku alla leið á planið hjá Bauhaus. Þetta er lengra en áður því okkur hefur þótt þetta aðeins of stutt hingað til,“ segir Elías. „Á Bauhaus-planinu verða mótörhjolaumboðin með sýningarbasa og þar verður hljómsveit, veitingasala, áhættuökumenn að sýna listir sínar og fleira.

Þetta hefur verið svolítið þannig að menn mæta á planið þar sem keyrslan endar og þar hefur lítið tekið við, svo fólk staldrar stutt við,“ segir Elías. „En við ætlum að reyna að halda aðeins í hópinn í ár, gera meira úr þessu en áður og hafa viðburðinn stærri og skemmtilegri. Við hvetjum að sjálfsögðu alla sem hafa áhuga á að vera með til að mæta upp í Bauhaus og taka þátt í þessum hluta viðburðarins, hvort sem fólk á mótörhjól eða ekki.“

## Handbók fyrir byrjendur og lengra komna

Steinmar Gunnarsson er ritari samtakanna og hefur haft yfirmensjón með nýrri hand- og kennslubók sem Sniglar eru að fara að gefa út með Netöskuskólanum. „Þetta er bók sem var upprunalega gefin út af NMCU, systursamtökum Sniglanna í Norge. Bókin er ætluð sem kennslubók fyrir bifhjólmenndur en



Það er nóg að gera hjá Elíasi og Steinmari við skipulag 1. maí keyrslunnar, bókaútgáfu og Evrópusamstarf. MYND/STEFÁN

gagnast líka alveg ákaflega vel fyrir mótörhjólamenn sem vilja rifja upp hvernig er best að stjórna mótörhjólum á sem öruggastan hátt,“ segir Steinmar. „Við ákváðum, í samstarfi við Netöskuskólann, að láta þýða bókina og taka nýjar myndir fyrir hana hér á landi. Nú stendur lokafrágangur á henni yfir og hún verður gefin út fyrir sumarið á netinu. Þar verður hún ókeypis en það verður líka hægt að kaupa prentaða útgáfu.

Við vonumst til að þessi bók verði notuð sem handbók og kennslubók við bifhjólakennslu og að mótörhjólafólk um allt land nýti hana sér til framdráttar,“ segir

Steinmar. „Þetta er góð handbók og fínt að hafa hana á náttborðinu hjá sér, sama hvaða reynslu maður hefur, því maður getur alltaf lært.“

## Vinna með evrópskum hagsmunasamtökum

Steinmar er einnig FEMA-fulltrúi Snigla. „FEMA er Federation of European Motorcycle Associations og hefur aðsetur í Brussel. Fyrir samtökin starfa löbbistar sem vinna að hagsmunum og hagsmunagæslu mótörhjólafólks fyrir hönd aðildarsamtaka í Evrópu,“ segir Steinmar. „Hópurinn berst fyrir því að ekki séu settar íþyngjandi reglur sem bitna ein-

„Það er náttúrulega mjög mikilvægt fyrir bifhjólafólk að eiga sér talsmenn þegar kemur að umferðaröryggismálum og fleira.“

göngu á mótörhjólafólki, eins og stjórnvöld í ýmsum löndum hafa reynt. Í gegnum þessi samtök komu Sniglar því til dæmis til leiðar að það sé hægt að slökkva á ABS-bremsukerfum í torfæru-mótörhjólum þegar þau eru keyrð

í ófærð, en það væri ákaflega vont ef ABS-bremsukerfi væri virkt í slíkum akstri.

Mitt hlutverk er að taka þátt í fundum samtakanna fyrir hönd Snigla og bæði veita Sniglum upplýsingar um það sem samtökin eru að vinna að og koma séróskum frá Íslandi á framfæri til samtakanna,“ segir Steinmar. „Við eru ánægð með að hafa aðild að þessum samtökum, sem sinna mikilvægri hagsmunagæslu fyrir mótörhjólafólk, bæði erlendis og hér á Íslandi. Sem einu hagsmunasamtök mótörhjólafólks á Íslandi taka Sniglar það hlutverk mjög alvarlega.“

# SUMARIÐ ER TÍMINN

TRUVE  
SPIRIT



## Z900RS MODERN CLASSIC 2018

Einstaklega vel heppnað hjól þar sem tímalaus hönnun ræður ríkjum en allur búnaður er af nýjustu gerð. Ergo-Fit stillingar á sæti, pedulum og stýri, ABS bremsur, Dual inngjöf, KTRC spólvörn og Assist & Slipper kúpling.

Verð 1.995.000,-



### Versys 650

Frábært allhliða ferðahjól. Tveggja cylindra, 4 ventla, bein innspýting, ABS bremsur, stillanleg rúða.

Verð 1.399.000,-



### H2SX

Flottasta götuhjólíð á markaðnum. 1000 kúbik með Supercharger. Uni-Trak gasdempari, ABS.

Verð 3.199.000,-



### ZZR1400

Frábærir aksturseginnleikar og endalaus kraftur! Bein innspýting, K-Track spólvörn, ABS.

Verð 2.725.000,-



### VulcanS

Er hægt að vera flottari en þetta? 650cc, bein innspýting, stillanlegir pedalar, þægilegt sæti, eyðslugrant.

Verð 1.320.000,-



### Z650

Hjólíð sem erfitt er að taka augun af. Mikið tog, slipper kúpling, ABS bremsur, létt og meðfærilegt.

Verð 1.180.000,-



Nítró sport / Kirkjulundi 17 / 210 Garðabæ / Sími 557 4848 / [www.nitro.is](http://www.nitro.is)

Verð miðast við gengi 27. maí 2018. Flest hjólin þarf að sérpanta og það tekur um 3 vikur.

**Kawasaki**

# Sport sem spornar við öldrun

Mótorhjóláahuginn hefur fylgt Óla Ársæls í rúma sex áratugi. Fyrsta mótorhjólíð keypti hann af dönskum fjósamanni og verðandi eiginkona hans fékk far heim á öðru mótorhjólínu hans.

Starri Freyr  
Jónsson

starri@frettabladid.is



Mótorhjóláahuginn hjá Jóhanni Ólafi Ársælssyni, sem jafnan er kallaður Óli Ársæls, byrjaði mjög snemma og tengist án efa áhuga hans á vélum og tækjum. Hann ólst upp í nálægð við slippinn í Dröfn og vélsmiðju Hafnarfjarðar og fékk oft að fylgja pabba sínum um bord í togara þar sem hann var vélstjóri. Í dag er Óli 76 ára og nýtur lífsins í botn á Yamaha Silverado 1100 sem er afskaplega fallegt og þægilegt hjól fyrir kall á hans aldri eins og hann orðar það sjálfur. „Sem drengur var mér sagt að pabbi hefði átt mótorhjól sem hann notaði í og úr vinnu og fannst mér það frekar svalt. Hugurinn festist talsvert við þessa hugsun og í skólanum átti ég það til að teikna mótorhjól í kennslubækurnar í stað þess að hlusta vel á kennarann.“

Þegar Óli var 14-15 ára komst hann yfir lítinn bensínmotor sem var sérstaklega ætlaður aftan á reiðhjól. „Þessu kom ég einhvern veginn saman og brunaði um göturnar í Hafnarfirði, en með smá basli þar sem keðjan frá mótornum vildi oft detta af tann-



Óli Ársæls er 76 ára mótorhjólátöfari sem kann svo sannarlega að lífa lífinu. Í dag ekur hann Yamaha Silverado 1100.

**Þessar hendingar urðu til síðasta vor þegar Óli var að ýta vinum sínum af stað eftir veturinn:**

Nú komið er vorið og ef að þið þorið þá fylgið mér vegunum á. Þetta er sport fyrir strákka með gljáfægða fáka og hnakkaskraut aftan á. Við brunum um dali og fjallasali og veðrið er fagurt og flott við stoppum samt stundum og við okkur dundum að fá okkur pylsu og gott. Ef tinit af tíma við gripum upp síma og SMS sendum heim við erum á leiðinni nú á háheiddinni það er gustur af görpunum þeim.

síðar til Merkúrs hf. þar sem Óli var starfsmaður og hluthafi. „Á þessum árum var mikil vakning í mótorhjólamenningunni hér á landi og áður en varði var maður kominn á fullt aftur. Konan mín elskulega vissi sem var að þessi dilla færi ekkert úr mér og gaf mér splunkunýtt Yamaha Drag Star 650 þegar ég varð 60 ára en í dag ek ég Yamaha Silverado 1100.“

## Æskuvinir leika sér

Félagsskapurinn í kringum mótorhjólín skiptir mjög miklu máli. Á árunum 2000-2004 voru margir af gömlu félögum hans komnir með stór mótorhjól og allt að gerast, eins og hann orðar það. „Menn höfðu nú bæði tíma og peninga til að setja í þetta draumasport. Áður enn varði hafði myndast hópur manna úr Hafnarfirði og hágrenni sem hittast enn í dag á þriðjudögum kl. 17.30 yfir sumartímann og aka saman 100-150 km um nærliggjandi sveitir og nágrannabæi ef veður leyfir.“

Félagsskapurinn kallast Dindlarnir, enda er þeir saklausir eins og litlu lömbin sem dilla dindlunum sínum, segir Óli. Á félagaskránni eru um 35 meðlimir sem eru misvirkir en kjarninn er öflugur.

Það felst ótrúlegt frelsi í því að vita að í skúrnum biði gljáfægður gæðingur, tilbúinn í lengri eða skemmri ferðir, segir Óli. „Við höfum farið víða um landið og margir okkar hafa ekið talsvert erlendis. Það er ótrúlega skemmtilegt að enn skulum við fjórir kunningsjarnir leika saman sama leikinn og þegar við vorum 15-16 ára á skellinöðrunum en nú á stórum og öflugum mótorhjólum. Við urðum allir 75 ára á síðasta ári, þ.e. ég, Hjörtur Guðmundsson, Júlíus Bess og Pálmi Sigurðsson. Við erum alveg vissir um að þetta sport sporni við öldrun, eins og sjá má af myndinni hér í greininni.“

## Sumarið að nálgast

Það styttesti óðfluga í hjólatímabil- ið en Óli vill þó leyfa hitastiginu að hækka aðeins og leyfa Vegagerðinni að laga stærstu holurnar eftir erfiðan vetur. „Við munum halda okkur við þriðjudaga og til greina kemur að bæta við morgunferðum þar sem margir af félögum eru komnir á eftirlaunaaldur og hafa því líka lausan tíma fyrri hluta dags. Þannig að einhvern næstu daga verður sparkað í gang.“

## Leðurjakkar og leðurbuxur fyrir bæði dömur og herra



3-4 gerðir af hönskum

Góð pakkaverð



Allt fyrir hjólafolk

Þér líður vel í leðri frá Kós



Sendum fritt um land allt

sími: 551 9044 gsm: 898 9944  
Laugaveg 94 - 101 Reykjavík



hjólinu sem boltað var á teinana í afturgjörðinni. Í framhaldi af þessu ævintýri var fjárfest í KK-50 skellinöðru og þá var maður orðinn maður með mönnum og gat fylgt félögum sem höfðu eignast svipadar nöðrun en þetta var á árunum 1956-1958.“

## Eiginkonan fékk far

Fyrsta mótorhjól Óla var þýskt NSU Fox 125 CC sem hann keypti af dönskum fjósamanni sem vann á Vífilstöðum. „Þetta var afskaplega lipurt og fallegt hjól og ég fór víða á því, m.a. í veiðiferð til Þingvalla með vin minn Gísla Helgason fyrir aftan mig.“ Næsta hjól var öllu stærra, breskt herhjól af gerðinni Panther með stórum motor þar sem gert var ráð fyrir hliðarvagni. „Nú var orðinn stæll á mínum og notaði ég hjólið talsvert á leið í vinnuna meðan ég var að læra vélvirkjun til að undirbúa mig undir Vélstjóráskólann.“

Á þessu hjóli sótti hann eitt sinn seint um kvöld Sirry Karls, stúlkuna sem hann var að reyna við á þessum árum og er nú eiginkona hans. „Hún var þá að vinna í sjoppu. Ég kom á rólegri ferð rétt í því sem hún var að tölta af stað og spyr hvort hún vilji þiggja far heim. Hún þáði boðið en hefði án efa ekki gert það ef hún hefði vitað að hjólið var án hljóðklúts þar sem ég hafði verið í einhverju viðgerðarstússi með gripinn. Einn rúntur um bæinn með miklum hávaða kostaði það að þessi prúða mæri rauk af hjólinu þegar ég stoppaði heima hjá henni, skellti hurðinni og talaði ekki við mig næstu tvær vikurnar en þetta jafnaði sig með smá lagni.“

## Alvaran tekur við

Eftir að Óli og Sirry giftu sig tók alvaran við. Þau kláruðu námið, keyptu íbúð og seinna byggðu þau sér hús. „Á þessum tíma var mótorhjóláahuginn settur á bið. En það skemmtilega gerist að ég fer að vinna hjá bilaumboðinu Bilaborg sem þá seldi Mazda-bíla og Yamaha-mótorhjól og þá blossaði bakterían upp aftur og hefur verið viðvarandi síðan.“

Yamaha-umboðið færðist



Fylgstu með okkur á Facebook

Husqvarna  
Mótorhjól  
á Íslandi



Hvitpilen 701 1.829.000,-



Á lager

**Sýning laugardaginn 28. apríl kl: 11-15**



Á lager

Svartpilen 401 1.269.000,-

**Husqvarna  
Hvitpilen  
Svartpilen**



Á lager

Hvitpilen 401 1.269.000,-

**Husqvarna mótorhjól síðan 1903**

**KTM eru mest seldu mótorhjólin á Íslandi.**



Á lager

Adventure 1090 R 2.549.000,-



Á lager

790 Duke 1.929.000,-



Fylgstu með okkur á Facebook

KTM Ísland



Á lager

Duke 390 990.000,-

# Skutlur hjóla saman 5. maí

Kvenhjólaflúbburinn Skutlur samanstendur af fríðum flokki kvenna með ástriðu fyrir mótörhjólum og ferðalögum. Þær hvetja allar hjóla konur til að taka þátt í alþjóðlega kvenhjóladeginum 5. maí.

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Ég hef haft áhuga á mótörhjólum frá því ég man eftir mér og sem krakki heima í Eyjum horfði ég öfundaraugum á strákana á skellinöðrunum,“ segir mótörhjólaskutlan Íris Sigurðardóttir sem er formaður kvenhjólaflúbbssins Skutlur.

Íris eignaðist sitt fyrsta hjól síðla árs 2005.

„Það var Honda Rebel 250 cc. Þá var ég ekkert að spá í þessi cc og vissi ekki hversu lítill mótörinn var, en þetta þótti víst fint byrjendahjól. Ég hjólaði einn rúnt um Hafnarfjörð en næsti rúntur var í Hondu-umboðið þar sem ég keypti mér nýja Hondu Shadow 750 cc og hjólaði á henni í eitt ár. Sumarið 2007 keypti ég svo hjólið sem ég er enn á en það er Yamaha Roadstar Warrior, 1700 cc.“

## Eins og adrenalínsprauta

Íris mælir með mótörhjólaspörtinu fyrir hvern sem er.

„Það er kannski erfitt að lýsa tilfinningunni að vera á mótörhjóli en mér líður eins og ég hafi fengið adrenalínsprautu eftir góðan hjólatúr og það er besta geðlyfið, segja sumir,“ segir Íris og brosir. „Frelsið er algjört, spennan og góður félagsskapurinn, en ég hef kynnst ógrynni af fólki í gegnum þetta sport og mikið af vinum okkar hjóna er hjólafolk. Þá upplifir maður náttúruna á allt annan hátt á hjóli en þegar maður situr í bíl. Maður fær rigningu og rok beint í fangið, og inn um vitin berst alls konar lykt, sum góð og önnur ekki, en það er hluti af þessu,“ segir Íris sem elskar að keyra mótörhjól sítt í austfirskum og vestfirskum beygjum.

„Ókostir við mótörhjólaspörtið er að geta bara hjólað í takmarkaðan tíma úr árinu. Svo eru vegirnir okkar hættulegir á sumum svæðum, þar sem komnar eru miklar rákir í malbikið og eins þessar bætningar á malbikinu. Svo má ekki gleyma ferðamönnum sem stoppa hingað og þangað úti í vegarkanti. Því þarf víða að fara mjög varlega.“

Konur á breiðum aldri og úr öllum stigum þjóðfélagsins keyra um á mótörhjólum.

„Konur sækjast eftir því sama og karlar þegar kemur að mótörhjólá-



sportinu en þær eru varkárar að eðlisfari og hjóla því sumpart öðruvísi. Það má svo segja að þurfi til hálfgerða bilun að stunda þetta sport á Íslandi og á ferðum okkar um landið höfum við lent í öllum veðrum og aðstæðum. Eitt skiptið fengum við lögregluþyglög vegna ofsavæðurs en þá hafði lögreglan

frétt af okkur á ferðinni og þótti öruggast að fylgja okkur í náttstað. Við höfðum þá pantað gistingu í Bjarkarlundi en komumst ekki lengra en að Laugum í Sælingsdal. Í annarri ferð óðu hjólin stórgrýti og drullu vegna vegaförumkvæmda, en alltaf hefur þetta gengið stóráfallaust fyrir sig,“ segir Íris.

## Alþjóðlegur kvenhjóladagur

Það var Ásthildur Einarsdóttir sem stofnaði Skutlur haustið 2005.

„Ásthildi fannst vanta félagsskap kvenna á mótörhjólum og kallaði eftir mótörhjólakonum á Ingólfs-torg þar sem þrettán konur mættu á stofnfundinn, en aðeins ein úr upprunalega hópnum er eftir,“ útskýrir

Íris Sigurðardóttir er formaður kvenhjólaflúbbssins Skutlur.

Hún hvetur allar hjóla konur landins til að sameinast og hjóla saman á Alþjóðlega kvenhjóladeginum 5. maí.

MYND/SIGTRYGGUR ARI

Íris sem verðið hefur formaður frá árinu 2007.

„Félagsmenn eru nú fimmtán talsins og hittast alla þriðjudaga árið um kring. Á sumrin hjóla við en á veturna förum við í keilu, bíó og bogfimi, og höfum fengið til okkar kennarar í zumba, sjálfsvarnaríþróttum og myndlist. Þetta er algjörlega frábær hópur, samheldinn, fjölbreyttur, fjörugur og liflegur, og gefur alveg ótrúlega mikið af sér.“

Skutlur fóru í hjólaferð til Evrópu sumarið 2016 og voru þar 22 með mökum.

„Við sendum hjólin út með gámi og sóttum þau í Rotterdam. Í þeirri mögnuðu ferð förum við til sex landa á tíu dögum og fengum sól og gott veður mestallan tímann. Það var ótrúlega mikill munur að hjóla á svo flottum vegum og þurfa ekki að dúða sig fyrir kulda,“ segir Íris, sallar minningar.

Á laugardaginn eftir viku, þann 5. maí, er alþjóðlegi kvenhjóladagurinn.

„Það var Vicki Gray sem kom þessum degi af stað árið 2006 til að vekja athygli á stækkandi hópi kvenna á mótörhjólum. Við höfum haldið upp á hann hér á landi frá árinu 2011 og ætlum að hittast næsta laugardag á Korputorgi klukkan 11.45. Þaðan leggjum við af stað klukkan 12 og hjólum sem leið liggur vestur Vesturlandsveg, tókum slaufuna til hægri inn á Reykjanesbraut í suður, beygjum svo inn á Víflsstaðaveg til hægri og þaðan inn á Hafnarfjarðarveg. Við hjólum svo sem leið liggur að félagsheimili okkar í Auðbrekku þar sem við grillum puls og eigum saman góða stund,“ upplýsir Íris og hvetur allar hjóla konur til að koma og taka þátt í alþjóðlega kvenhjóladeginum með Skutlunum.

„Félagsskapurinn í hjólaheiminum er frábær og mikið samneyti við aðra klúbba og félög. Þar ríkir mikil samheldni og félagslíf með frábæru fólki. Ég hvet fólk hiklaust til að láta hjóladrauma sína rætast. Það mun enginn sjá eftir því,“ segir Íris, full tilhlökkunar.

Til að gerast meðlimur í Skutlum er nóg að láta sjá sig, kynnst hópnum, hjóla saman og sjá hvort fílingurinn sé á báða bóga. Sjá nánar á Facebook undir Skutlur kvenhjólaflúbbur.

**RMC**  
REYKJAVÍK  
MOTOR CENTER  
Íslenska mótörhjólalúbburinn

Bolholt 4 105 Reykjavík 510-9090



# BESTIR Í HJÓLUM



**Yamaha V Max** árg 2000 ek 32 þús míl.  
Ásett verð 990 þús Rnr.251274



**Yamaha MT-01** árg 2008 ek 12 þús km  
Ásett verð 1.240.000 Rnr.271549



**Suzuki VL 1500** árg 1998 ekið 41 þús km  
Ásett verð 1.200.000 Rnr.251336



**Suzuki VZR 1800** árg 2009 ek 16 þús  
Ásett verð 1.650.000 Rnr. 251314



**Honda VT 750 C** árg 2008 ek 4 þús km  
Ásett verð 770.000 Rnr. 251329



**Honda NC 700 Integra** árg 2012 ek 1 þús km  
Ásett verð 1.190.000 Rnr. 271518



**Kawasaki Z 1000** árg 1980 ek 56 þús  
Ásett verð 1.650.000 Rnr. 251067



**Yamaha V-Star 650K** árg 2006 ek 8 þús m  
Ásett verð 650.000 Rnr. 251253



**Honda CBF 1000 A** árg. 2008 ekið 45 þús km.  
Ásett verð 680 þús Tilboð Rnr. 251263



**Kawasaki VN 1600 Classic** árg. 2003  
Ásett verð 1290 þús. Rnr. 251288



**Kawasaki Z 1000** árg. 2004 ekið 37 þús. km.  
Ásett verð 590 þús. Rnr. 271508



**Yamaha FC6** árg. 2007 ekið 20 þús.  
Verð 790. Þús . Rnr. 250358



**BMW R1200** Árg. 2007 ekið 46 þús  
Verð 1490 þús. Rnr. 271126



**Harley Davidson V-ROD** árg 2007 ek 8 þús  
km Ásett verð 1.550.000 Rnr. 130201



**Victory Vision Street** árg 2008 ek 55 þús km.  
Ásett verð 1.670 þús Rnr. 260910



**Harley Davidson Ultra Classic** ek 245 þús  
km Ásett verð 2.990 Rnr.271514

**hjól.is**  
bestir í hjólum...

Opnunartímar: Mán – fös 9-18 • Lau. 11-14 • Sun. Lokað  
Malarhöfði 2a, 110 Rvk. - [www.hjol.is](http://www.hjol.is) – Sími 577 4565

**VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR HJÓL  
Á STAÐINN OG SKRÁ**

# Mótorhjólafólk!


## Komið með Sniglunum í hópakstur 1. maí

Bífhjólasamtök Lýðveldisins, Sniglar, halda árlegan hópakstur 1. maí í Reykjavík til að hleypa af stað góðu hjólasumri hjá félögum sínum og kynna samtökin fyrir áhugafólki um mótorhjól.

Við söfnumst saman kl. 11:00 neðst á Laugavegi en svæðið verður lokað fyrir almennri umferð. Kl. 12:30 er ekið af stað eftir merktri leið og endað um kl. 13:00 á bílastæðinu hjá Bauhaus fyrir framan Garðaland.

### Skemmtiatriði, veitingar og endalaust af mótorhjólum

Á planinu hjá Bauhaus verður hægt að kaupa veitingar, skoða mótorhjól, horfa á skemmtiatriði, hlýða á hljómsveitina Skarfana og mótorhjólaumboð munu mæta og kynna vörur sínar.



Sniglar minna á að öll miðvikudagskvöld í sumar er opið í félagsheimili Snigla í Skerjafirði frá kl. 20:00 en þar er hægt að skrá sig í Bífhjólasamtök Lýðveldisins. Fylgist með öðrum viðburðum Sniglanna á Facebooksíðunni:

**Bífhjólasamtök Lýðveldisins, Sniglar.**

### Athugið!

Við biðjum bílstjóra og aðra vegfarendur um að sýna tillitssemi þann stutta tíma sem hópaksturinn tekur og virða lokanir.



- Sameinuð náum við árangri -

Skráðu þig í Bífhjólasamtök Lýðveldisins Sniglar, á [www.sniglar.is](http://www.sniglar.is) núna!



Allt fyrir hús, heimili og garða

## UPPLIFÐU FRELSIÐ!



### UPPLIFÐU FRELSIÐ Á YAMAHA MÓTORHJÓLI

Yamaha mótorhjólin eru þekkt fyrir gæði og einstaka hönnun. Við eigum örugglega rétta hjólið fyrir þig!

### VÆNTANLEGT!

NIKEN



SUPER TÉNÉRÉ RAID EDITION



MT-09



TRACER 700



TRACER 900



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900  
[www.yamaha.is](http://www.yamaha.is)



EXPLORE WITHOUT LIMITS